

11. mars 2022.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

### **MINNISBLAÐ – Upplestrarkeppni 7. bekkinga – mál 2203328**


Þetta minnisblað hefur þann tilgang að kynna umbreytingar á Stóru upplestrarkeppninni í Upplestrarkeppni 7. bekkinga í grunnskólum Hafnarfjarðar nú þegar líða fer að lokum verkefnisins skólaárið 2021-2022.

Stóra upplestrarkeppnin átti sér upphaf í Hafnarfirði árið 1996 og árið 2021 átti hún 25 ára afmæli. Keppnin hafði hin síðari ár verið rekin af félagasamtökunum Raddir sem tóku þá ákvörðun að hætta með keppnina eftir 25 ár og leggja til að sveitarfélögin myndu sjálf standa fyrir keppninni. Hafnarfjörður ákvað að halda keppninni á eigin vegum og var skipaður stýrihópur um keppnina. Hana skipuðu Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla (formaður), Bjartey Sigurðardóttir, verkefnisstjóri læsis og grunnskólastjórarnir Hrönn Bergþórsdóttir og María Pálmadóttir. Þau hafa unnið að breytingum á keppninni þannig að hún yrði undir formerkjum Hafnarfjarðar. Í þeim tilgangi voru merki og plaköt fyrir keppnina endurhönnuð og hefur hönnuður á vegum bæjarins, Óli Már Svavarsson, annast þá vinnu. Þá ákvað stýrihópurinn að standa fyrir sérstakri samkeppni með 7. bekkinga um slagorð fyrir keppnina nú þegar hún væri komin til Hafnarfjarðar. Niðurstaða þeirra samkeppni var að velja slagorðið LESUM SAMAN – ÞAÐ ER GAMAN. Höfundur þess er nemandi í 7. bekk í Víðistaðaskóla, Stefán Hrafn Egilsson. Stýrihópurinn hefur ekki ákveðið hvort slagorðið verði notað næstu ár eða hvort það verði árleg slagorðssamkeppni um það líkt og árlega er samkeppni um mynd á boðskort keppinnar í Hafnarfirði. Höfundur boðskortsins í ár er Ísabella Hrönn 6. EP í Áslandsskóla.

Upplestrarkeppninni, líkt og Stóra upplestrarkeppnin, lýkur með lokahátíð. Hún verður haldin þriðjudaginn 22. mars 2022 í Víðistaðakirkju – þar sem hún hefur verið haldin síðustu tvö skipti og var færð frá Hafnarborg á kórónaveirutíma. Ingibjörg Einarsdóttir, fyrrum skrifstofustjóri á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og upphafsmaður keppinnar á Íslandi, heldur utan um keppnina í Hafnarfirði líkt og áður. Ingibjörg útbjó jafnframt sérstaklega leefni fyrri keppnina handa Hafnarfirði sökum þess að það kemur ekki lengur frá Röddum. Með þessum breytingum er vonast til að merki Stóru upplestrarkeppinnar verði áfram haldið hátt undir höfði í Hafnarfirði undir nýjum formerkjum en með líkum áherslum og áður. Keppnin vill áfram eigi sitt höfuðvígi í Hafnarfirði.

Virðingarfyllt,

f.h. skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

  
Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla